



8. október 2024

Tilv.: 2409133

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda), 12. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. september sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögnum Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda), 12.mál á 155. löggjafarþingi.

Seðlabanki Íslands hefur í gegnum tíðina veitt umsagnir um þingmál sama efnis og ætlað er að takmarka verðtryggingu fjárskuldbindinga, og vísar Seðlabankinn almennt til þess sem þar hefur fram komið, sbr. einkum umsögn sem Seðlabankinn veitti 2. desember 2020 um frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, 38. mál (sjá fylgiskjal). Það frumvarp sem nú liggur fyrir felur í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem heimild laganna til verðtryggingar lána til neytenda er felld brott ásamt því að bæta inn ákvæði þess efnis að óheimilt verði að verðtryggja neytendalán og fasteignalán til neytenda. Aðrar breytingar frumvarpsins lúta einkum að því að afnema tilvísanir til verðtryggingar í lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Af greinargerð með frumvarpinu má álykta að bann við verðtryggingu lána til neytenda yrði til þess fallið að vernda neytendur, einkum fyrir áhrifum vegna verðbólgu. Eins og bent var á í umsögn Seðlabankans til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, um frumvarp sama efnis sem sett var fram á 153. löggjafarþingi, er greiðslubyrði verðtryggðra lána lægri en samsvarandi óverðtryggðra lána framan af lánstímanum og henta þau því tekjulágum einstaklingum sérstaklega vel til þess að fjármagna fasteignakaup. Bann við verðtryggðum lánnum til neytenda mun því fækka valkostum og afnema kosti sem eru sérstaklega heppilegir tekjulágum fasteignakaupendum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela þannig í sér takmörkun á samningsfrelsi almennings og myndu að öllum líkindum vinna gegn hagsmunum þeirra sem henni er ætlað að styðja við og auka hættu á greiðsluferfiðleikum lántakenda. Þá er rétt að ítreka það sem Seðlabankinn hefur bent á í gegnum tíðina í þessu sambandi, að besta leiðin til að draga úr áhrifum verðtryggingar sé viðvarandi verðstöðugleiki. Með hliðsjón af framangreindu telur Seðlabankinn rétt að vara við þessari tillögu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Pórarinn G. Pétursson
framkvæmdastjóri
hagfræði og peningastefna

Fylgiskjöl:

- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags 2. desember 2020 (151. löggjafarþing, 38. mál), ásamt fylgiskjali.
- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 6. desember 2022 (153. löggjafarþing, 50. og 55. mál).

